



Fundur í sveitarstjórn

40. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 28. janúar 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Aneta Potrykus, Halldór Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 381. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 18. jan. 2016.

Fundargerð lögð fram til kynningar

2. Fundargerðir funda Samorku nr. 4 og 5

Fundargerðir lagðar fram til kynningar

3. Fundargerð 10. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 12. jan. 2016

Liður 2: Verkefni ársins 2016

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar lagði til lista yfir verkefni fyrir 2016.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ræða við formann Landbúnaðarnefndar um kostnað vegna einstakra verkefna og forgangsroðun.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3: Fjármögnun verkefna

Landbúnaðarnefnd fjallaði um fjármagn sem nefndin telur að eyrnamerkt hafi verið landbúnaði í Langanesbyggð.

„Landbúnaðarnefnd skorar á sveitarstjórn að standa við ákvörðun fyrri sveitarstjórnar hvað varðar fjármagn er leggja átti til landbúnaðar til fimm ára. Máli okkar til stuðnings bendum við á að gangnahús, kamrar, aðhöld, réttir og girðingar eru í eigu sveitarfélagsins.“

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill árétta að ákvarðanir fyrri sveitarstjórnar halda gildi sínu þó ný sveitarstjórn sé kjörin nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn, s.s. með samþykkt fjárhagsáætlunar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir 68.000.- í fjárgirðingar og réttir.

Sveitarstjórn áréttar bókun hér að ofan og óskar eftir kostnaðargreindum verkefnalista.



LANGANESBYGGÐ

5 samþykkir, Halldóra og Siggeir sitja hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

4. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna álagningar fráveitugjalda

Svarbréf lagt fram til kynningar

5. Vegagerðin – samskipti vegna útstöð/þjónustustöð

Reynir Atli Jónsson lýsir yfir vanhæfi sínu til að fjalla um liðinn.

4 samþykkir Björn, Siggeir og Halldóra sitja hjá.

Reynir Atli vikur úr sal og felur Huldu Kristínu fundarstjórn.

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti samskipti við vegamálastjóra Vegagerðarinnar vegna skipulagsbreytinga á stjórn starfsstöðvar Vegagerðarinnar á Þórshöfn. Þann 1. febrúar næstkomandi verður að fullu gengið frá því að starfsstöðin breytist í *Útstöð*. Sú breyting var gerð 1. janúar 2013. Slíkt hefur í för með sér að yfirverkstjórastaða breytist í verkstjórastöðu ásamt því að fjárhagsumsýsla og áætlanagerð færist frá starfsstöðinni.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar áréttar þá afstöðu sína að mikilvægt sé að standa vörð um opinber störf í sveitarfélaginu og lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þessara breytinga Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að koma þessum áhyggjum á framfæri við Vegagerðina.

Samþykkt samhljóða.

Reynir Atli tekur aftur við fundarstjórn af Huldu Kristínu.

6. Nefndir Langanesbyggðar – breytingar

Liður 1 – Atvinnu- og ferðamálanefnd; úrsögn

Vilborg Stefánsdóttir óskar lausnar frá nefndarstörfum sem aðalmaður í Atvinnu- og ferðamálanefnd vegna þeirra atburða sem áttu sér stað á fundi sveitarstjórnar þann 15. desember síðastliðinn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar henni vel unnin störf og samþykkir að veita henni lausn frá nefndarstörfum.

Samþykkt samhljóða

Liður 2 – Umhverfis- og skipulagsnefnd; úrsögn

Steinunn Leósdóttir óskar lausnar sem nefndarmaður í Umhverfis- og skipulagsnefnd vegna þeirra atburða sem áttu sér stað á fundi sveitarstjórnar þann 15. desember síðastliðinn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar henni vel unnin störf og samþykkir að veita henni lausn frá nefndarstörfum.

Samþykkt samhljóða



LANGANESBYGGÐ

7. Finnafjörður – umræður og svör U-lista

U-listinn óskaði eftir þessum lið sökum þeirrar umræðu sem hefur verið um málið að undanfögnu.

Að gefnu tilefni vill U-listinn í Langanesbyggð koma eftirfarandi á framfæri:

U-listinn ítrekar að umrædd viljayfirlýsing var gerð af starfsmanni Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, en auk þess komu starfsmenn Bremenports, starfsmaður verkfræðistofunnar Eflu og lögmenn sveitarfélaganna að gerð hennar, ásamt Siggeiri Stefánssyni, oddvita U-listans. Einnig skal á það bent að oddviti U-listans sendi tölvupósta á sveitarstjóra sveitarfélaganna þann 17. nóvember 2015 þar sem m.a. kom fram að Bremenports hafi sérstaklega óskað eftir því að viljayfirlýsingin yrði tekin fyrir hjá sveitarstjórnnum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps í desember 2015. Jafnframt kemur fram í tölvupóstinum mikilvægi þess að kynna viljayfirlýsinguna fyrir sveitarstjórnnum áður en hún yrði lögð fram til afgreiðslu. Áður hafði sveitarstjórn og sveitarstjórum verið gerð reglulega grein fyrir stöðunni á vinnu við viljayfirlýsinguna. Það er skoðun okkar að lögmenn sveitarfélagsins í verkefninu sem og starfsmenn ráðuneytisins séu mjög vel hæfir til verksins og treystum við þeim til þess að gæta hagsmuna sveitarfélagsins. Hefur það margsinnis komið fram hjá þessum aðilum að viljayfirlýsingin feli í sér óverulegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin og Sveinn Þorgrímsson yfirverkfræðingur hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu hefur staðfest það á símafundi með U-listanum.

Viljayfirlýsingin er hugsuð til að draga íslenska ríkið að verkefninu. Mikill ávinningur er af samningi sem gerður var við Bremenports og Eflu 2014, þar sem Bremenports stendur straum af mörg hundruð milljóna króna kostnaði vegna rannsókna og ýmissa annara atriða. Hagur sveitarfélaganna hefur ætíð verið hafður að leiðarljósi og áherslan stöðugt verið á að lágmarka allan kostnað og áhættu þar til ljóst er hvort verkefnið verði að veruleika. Kostnaður sveitarfélaganna vegna viljayfirlýsingarinnar er óverulegur og þar af leiðandi er ljóst að ekki er verið að brjóta 66. gr sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar.

Siggeir Stefánsson, oddviti U-listans, hefur í allri sinni aðkomu að verkefninu, ekki síst í samráðshópi við gerð viljayfirlýsingarinnar, lagt ríka áherslu á og gengið hart fram í að sveitarfélagið hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að leggja fé í verkefnið. Það er auk þess heldur ekki tímabært að setja fé eða of mikla vinnu í verkefnið fyrr en ljóst er hvort eitthvað staðfest liggi fyrir um framkvæmdir í Finnafirði. Þetta hefur m.a. leitt til þess að kostnaður Langanesbyggðar hefur verið óverulegur miðað við umfang verkefnisins. Hinsvegar ef núverandi meirihluti mun bjóða fram ómælda fjármuni í verkefnið, mun enginn slá hendinni á móti þeim. Oddviti U-listans hefur lagt til vinnu við verkefnið upp á nokkur hundruð klst. á síðustu árum og hefur aldrei þegið greiðslur fyrir það, unnið allt í sjálfböðavinnu. Einnig hefur hann aldrei þegið dagpeninga vegna ferða sinna.

Þá ber þess að geta að það er ekki rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum, að sveitarstjórn hafi ekki verið upplýst um gerð viljayfirlýsingarinnar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar var upplýst reglulega um verkefnið ýmist á opnum fundum eða trúnarðarfundum. Sveitarstjórar sveitarfélaganna voru einnig upplýstir. Enginn gerði athugasemdir á þessum fundum eða annarstaðar við framgang verkefnisins.



LANGANESBYGGÐ

Vinnubrögð Reynis Atla Jónssonar, núverandi oddvita Langanesbyggðar, gagnvart fyrrverandi meirihluta, sem hann var jú hluti af, lýsir bæði óheiðarleika og vanþekkingu og virðist ekki hafa annan tilgang en að reyna að eyðileggja framgang verkefnisins og koma óorði á U-listann og oddvita hans. Það var ekkert í stöðunni á afgreiðslu þessa verkefnis sem kallaði á þessi hörðu viðbrögð.

U-listinn styður heilshugar við bakið á Siggeiri Stefánssyni og vísar á bug fullyrðingum um slæg vinnubrögð. U-listinn er stoltur af sinni aðkomu að Finnaþjóðarverkefninu og hversu vel hefur tekist til hingað til að vinna þessari hugmynd brautargengi.

Minnisblað Elíasar Péturssonar frá 12. janúar 2016:

U-listinn lýsir yfir vonbrigðum sínum með vinnubrögð Elíasar vegna minnisblaðs um stöðu og næstu skref í Finnaþjóðarverkefninu. Minnisblaðið gefur ekki raunhæfa mynd af stöðu verkefnisins og er mikilvægum atriðum sleppt, að því er virðist eftir hentugleika.

Reynir Atli tekur 5 mínútna fundarhlé.

Oddviti og meirihluti Langanesbyggðar áskilja sér rétt til þess að svara þessari bókun U-lista síðar þar sem engin gögn fylgdu um efni bókonar U-lista.

U-listinn biður um 5 mínútna fundarhlé.

8. Ósk um þátttöku í auglýsingu vegna viðskiptabanns

U-listinn óskaði eftir að þessi liður yrði tekinn á dagskrá.

Sveitarstjóri fór yfir málið, aðdraganda þess og stöðu.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir vilja sínum til að taka þátt í auglýsingu, ef af verður, að því tilskyldu að síðasta setning hennar verði tekin út og endanleg útgáfa kynnt sveitarstjórn með tölvupósti.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

6 samþykkir Hulda Kristín situr hjá.

9. Rekstraruppgjör janúar til nóvember 2015

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti 11 mánaða rekstraryfirlit sveitarfélagsins. Skatttekjur eru rétt rúmlega 4% hærri en áætlað var. Afkoma hafnarsjóðs er verri en áætlun gerði ráð fyrir. Þrátt fyrir það er heildarniðurstaða 11 mánaða uppgjörs rúmum 43% betri en áætlað var.

10. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti þau fjölmörgu verkefni sem hafa verið í gangi.

Unnið hefur verið töluvert í atvinnumálum á Bakkafirði og sértækum byggðarkvóta þar.

Framkvæmdarstjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, í samvinnu við Langanesbyggð og Eyþing, hefur verið falið af stjórn AP að skoða forsendur þess að koma byggðarlaginu við Bakkafjörð inn í verkefnið „Brothættar byggðir“.

Námskeið í notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi fyrirtækja var haldið undir forystu



LANGANESBYGGÐ

Markaðsstofu Norðurlands.

11. Trúnaðarfundur.

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:42